



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfirði 9. nóvember 2016

Efni: Athugasemdir frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar við frumvarp að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar vill koma eftirtöldum ábendingum á framfæri við Hafnarfjarðarbæ vegna frumvarps að fjárhagsáætlun ársins 2017.

1. Rekstrarsamninga íþróttafélaganna þarf að reikna upp í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunarinnar. Þ.e 6,3% hækkun á launalið og 3,9% á annan rekstrarkostnað.
2. Hækka þarf þjónustusamninga íþróttafélaganna við Hafnarfjarðarbæ vegna iðkenda 6-18 ára á árinu 2017 eins og gengið var út frá við gerð samninga ársins 2016. Þar er sérstaklega bent á laun framkvæmdastjóra íþróttafélaga og laun íþróttastjóra íþróttafélaga. Óskað er eftir að laun framkvæmdastjóra íþróttafélaga hækki í kr. 9.900.000 úr kr. 8.800.000 og laun íþróttastjóra hækki í kr. 8.000.000 sem eru kr. 6.800.000.
3. Klára þjónustusamning við ÍBH og upphæð hans hækki frá því sem nú er kr. 8.000.0000 í kr. 13.000.000. Núverandi samningur var gerður í byrjun árs 2006 upp á kr. 7.000.000, ef hann er uppreiknaður með neysluverðsvísitölu til dagsins í dag ætti hann að vera um kr. 12.500.000.
4. Þá óskar ÍBH eftir því að framlög til Afreksmannasjóðs ÍBH hækki um kr. 2.500.000 milli ára. Framlagið er í dag kr. 9.500.000 og hefur staðið í stað undanfarin ár. Stjórn sjóðsins ákvað í byrjun ársins að breyta úthlutun á afreksstyrkjum á þann hátt að greitt er um leið og verkefnum er lokið. Það hefur mælst vel fyrir. Skilvirkni og meiri þátttaka okkar afreksfólks í verkefnum erlendis hefur leitt til þess að úthlutun styrkja sjóðsins hafa aukist. Árið 2015 var úthlutað kr. 10.900.000 úr sjóðnum og í byrjun nóvember á þessu ári var búið að úthluta kr. 9.115.000 úr sjóðnum og tveir mánuðir eftir af árinu.
5. Þá hvetur ÍBH Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar til að hækka framlag sitt í samning ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto Alcan sem er nú til endurskoðunar þar sem m.a. hefur komið til umræðu um að hækka aldursviðmið í 18 ár.
6. Þá vill ÍBH ítreka óskir sínar um samtal um frístundastyrki sem fram komu í bréfi sem sent var til Bæjarstjóra 21. september 2016. Mikilvægt er að það samtal fari fram áður en endanleg fjárhagsáætlun er afgreidd eins og fram hefur komið á fundum á milli aðila.

ÍBH er reiðubúið að ræða og skýra betur út einstaka liði í þessum athugasemdum ef þörf er á.

F.h. framkvæmdastjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH